

Háskerpu skjávarpa-veggmálning – PRO

Smart White Projector Screen Paint Pro

Smart White Projector Screen Paint Pro er hágæða veggmálning sem hentar fyrir alla almenna skjávarpanotkun. Hún er hönnuð til að endurkasta björtum, skýrum og hreinum myndum, hvort sem rýmið er með lítilli eða mikilli umhverfislýsingu.

Smart White Projector Screen Paint Pro málningin er snjöll lausn fyrir þá sem vilja stækka upp myndefni af tölvu- eða sjónvarpsskjám verulega án þess að tapa myndgæðum. Hún hentar afar vel í alls kyns kynningum og fyrirlestrum á vinnustað eða skólum, en einnig heima við þegar margir vilja njóta kvikmynda saman eða spila tölvuleiki í hóp, svo eitthvað sé nefnt. Með Smart White Projector Screen Paint Pro málningunni fer skjávarpaflöturinn beint á sléttan vegginn og engin þörf er því fyrir fyrirferðarmikil og dýr skjávarpatjöld. Þetta er því hagkvæm en jafnframt fagurfræðilega góð lausn.

Smart White Projector Screen Paint Pro málningin sýnir myndefni í betri gæðum en hefðbundin skávarpatjöld en er jafnframt á hagkvæmu verði, auðveld í notkun og hefur engin takmörk í stærð eða formi flatar. Skjávarpamálningin er sérstaklega þróuð, hönnuð og prófuð til notkunar með alls kyns skjávarpa í huga (Epson, BenQ og Optoma), þar á meðal s.k. „short throw“ og „ultra short throw“ skjávörpum.

Efnið er selt í pakkasetti sem inniheldur málningu, grunn og verkfæri. Hún er hönnuð fyrir rými í stofubirtu. Þessi tegund af skjávarpamálningu hefur hvíta, hálfgljáandi satínáferð.

Aðalatriðin:

- Málning hönnuð fyrir fundaherbergi, skólastofur og vinnustaði
- Hentar í björtum og rökkvuðum rýmum
- 5 ára ábyrgð
- Þróuð, hönnuð og sannreynd til notkunar með leiðandi framleiðindum skjávarpa, svo sem Epson, BenQ, Sony, Panasonic, LG and Optoma
- Engir ljósablettir (hotspots), hún jafnar lýsinguna á myndinni
- Pakkinn inniheldur allt sem til þarf; málningu, grunn og verkfæri
- Auðveld í notkun – ein umferð af grunni, tvær umferðir af málningu
- Flöturinn er tilbúinn til notkunar eftir 24 klukkustundir
- Má þrifa með vatnsrökum klút án hreinsiefna

Tæknilegar upplýsingar

Þekja / magn / þyngd – 279 x 157 cm (4,50 m²) í 16:9 hlutfalli (4,5 m²)

Þyngd/Magn: 965 ml /1,27 kg

Purrktími: Snertipurrt um 2 klst

Endurkast skjáljöss (Gain Value) – 1.0 við 140°

Lýsing – virkar vel í flestum rýmum með lítilli til mikilli lýsingu

Minnsta Lumen-gildi sem mælt er með: 1,500 Lumen

Litaupplausn: 75%

Litur: Hvítur (RAL 9003)

Gljástig: Háflgljáandi / satíngljái

Skjástærð: 120"/320 cm í 16:9 myndhlutfalli

Umhverfið – Engin leysiefni eða rokgjörn lífræn efni (VOC). Án PFOA, PFOS og ísósýanata

Vottanir: Óháð frammistöðuskýrsla um skjávörpun – CREST, gæðastaðall fyrir gifsáferð er stig Q4 í EB / stig 5 í Bandaríkjunum

Viðeigandi fletir – Smart White Projector Screen Paint Pro málningin hentar á öll slétt yfirborð, þ.e. veggj, gifs, steypu, við, málm o.s.frv.

Innihald pakka

1 x skjávarpamálning fyrir 4,5 m² veggflöt

1 x hvítur vatnsþynnalegur grunnur

1 x rúlluskaft

2 x rúllur

1 x leiðbeiningabæklingur

Verklýsing

- Tryggið að flöturinn sé hreinn, þurr og fastur í sér. Mælt er með að þrifa vegginn með fituhreinsi, t.d. Málartvätt frá Nordsjö
- Mælið svæðið sem á að mála og merkið útjaðrana með málningarlímbandi
- Smart White Projector Screen Paint Pro skilar bestum árangri á alveg sléttum flötum. Til að ná veggnum sem sléttustum er ráðlagt að þússa yfir flötinn með fínunum sandpappír áður en málað er, einnig milli umferða af grunni
- Grunnið vegginn tvisvar með hvíta grunninum frá Smarter Surfaces. Purrktími á milli umferða er um 2-4 klst (við 20°C). Athugið hvort yfirborðið sé slétt og fínt
- Þegar grunnurinn er orðinn þurr, hrærið upp í skjávarpamálningunni og rúllið fyrstu umferðina

- Rúllið seinni umferðinni á flötinn þegar sú fyrsta er þornuð. Þurrktími á milli umferða er um 2-4 klst (við 20°C)
- Málningin er snertþurr eftir 1 klst en hlífið fletinum í 24 klst. fyrir notkun

